

Nettengd Biblía fyrir börn kynnir

Jesús og Sakkeus



Höfundur: Edward Hughes

Myndskreytingar: Janie Forest

Aðlagað af: Ruth Klassen

Þýðandi: Práinn Kristjánsson

Framleiðandi: Bible for Children
www.M1914.org

©2008 Bible for Children, Inc.

Skilmálar: Þér er heimilt að afrita eða prenta þessa sögu,
en ekki selja.





Dag einn átti
Jesús leið um
Jeríkó sem
fyrir ævalöngu
var lögð í rúst
af her Jósúa.
Nú var borgin
endurbyggð og
hafði fjölda
íbúa. Einn
þeirra var
maður að nafni
Sakkeus.







Sennilega hefur Sakkeus ekki verið vinsæll í Jeríkó, því hann var skattheimtumaður. Sakkeus skilaði hluta af peningunum til ríkisvaldsins og hélt miklu eftir fyrir sig sjálfan.




Skattheimtumenn í þá daga voru ríkir. Hús
Sakkeusar hefur líklega verið stærsta og fínasta
húsið í hverfinu þar sem hann bjó.



Þótt Sakkeus væri lítill
vexti, hafði hann
greinilega mikla peninga
milli handanna. Hann
var ríkur, lítill karl.





Pegar Sakkeus


heyrði að Jesús væri kominn til Jeríkó, langaði hann til að sjá þennan mann frá Nasaret sem kvaðst vera sonur Guðs. En fólksfjöldinn var mikill ... og flestir stærri en hann.





Þá fékk Sakkeus hugmynd.
Ef hann færi á undan
fólkinu og klifraði upp í tré
við veginn... þá mundi hann
geta séð Jesú.





Hann klifraði upp í mórberjatré, fann sér þægilegan stað á milli greinanna og beið eftir Jesú. "Héðan er gott útsýni," hefur hann kannski hugsað sér, "og hér sér mig enginn."



“Sakkeus, flýttu þér og komdu niður úr trénu.” Hann trúði varla sínum eigin eyrum. Jesús stóð undir trénu, horfandi í áttina til hans, og var að kalla á hann!







Ef Sakkeus hefur verið hissa að heyra Jesú kalla nafn sitt, hlýtur hann að hafa verið alveg steinhissa þegar Jesús sagði, "Ég kem í heimsókn til þín í dag." Sakkeus flýtti sér svo mikið, að hann næstum féll niður úr trénu.



Sakkeus var yfir sig hrifinn að Jesús skyldi ætla að koma í heimsókn. En fólkið var minna hrifið af því að Jesús skyldi ætla að heimsækja þennan synduga Sakkeus.






Jesú vegna, varð
gjörbreyting á lífi
Sakkeusar.
Sakkeus sagði,
"Drottinn, ég mun
gefa helming alls
sem ég á til
fátækra. Ef ég
hefi svindlað á
einhverjum, mun
ég gefa honum það
fjórfalt til baka."



Það gleður Jesú
þegar fólk breytir
frá syndugu líferni
sínu til réttláts og
göfugs lífs.

Hugarbreyting
Sakkeusar gladdi
hann mjög. Jesús
sagði,
"Mannssonurinn er
kominn til að leyta
hinna týndu og
frelsa þá."



Jesús og Sakkeus

Sögu þessa úr heilagri ritningu, biblíunni,

er að finna í

Lúkasi 19

“Þegar orð þín ljúkast upp, ljóma þau.”
Sálmarnir 119:130



Endir



Þessi biblíusaga er um okkar dýrlega Guð, sem skapaði okkur,
og sem vill að þú þekkir hann.

Guð veit að við höfum öll gert rangt, sem hann kallar synd. Hegning syndarinnar er dauði, en Guð elskar þig svo mikið, að hann sendi sinn eina son, Jesú, til að deyja á krossi í hegningarskini fyrir syndir þínar. Svo vaknaði Jesús aftur til lífs, og fór heim til himnaríkis. Ef þú trúir á Jesú, og biður hann að fyrirgefa þér syndir þínar, þá fyrirgefur hann þér tafarlaust, og kemur til að lifa í þér, og þú með honum til eilíðar.

Ef þú trúir þessu, segðu þá eftirfarandi til Guðs:
Kæri Jesús, ég trúi að þú sért Guð, sem komst í líki manns til að deyja fyrir syndir mínar, og komst svo aftur til lífs. Ég bið þig að koma nú inní líf mitt og fyrirgefa mér syndir mínar, svo ég geti byrjað nýtt líf, og komið svo til að vera með þér í himnaríki. Hjálpaðu mér að hlýðnast þér, og lifa fyrir þig sem barn Guðs. Amen

Lestu biblíuna og talaðu við Guð á hverjum degi!

